

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 34/96  
frá 31. maí 1996**

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/58/EB frá 29. nóvember 1995 um breytingu á tilskipun 79/581/EBE um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum er tilgreint og á tilskipun 88/314/EBE um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á vörum öðrum en matvörum er tilgreint<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 79/581/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0058: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/58/EB frá 29. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. L 299, 12. 12. 1995, bls. 11).“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 299, 12. 12. 1995, bls. 11.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 88/314/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- 395 L 0058: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/58/EB frá 29. nóvember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 299, 12. 12. 1995, bls. 11).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. maí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Benavides

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner